

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1914.

*Konungsbrjef um lenging alþingistímans*, undirskrifað af konungi 5. ágúst 1914 (A. nr. 12, bls. 19).

*Auglýsing um kirkjugjald í Hofsstaðasókn í Skagafjarðarprófastsdæmi*, undirskrifuð af ráðherra 16. september 1914 (A. nr. 13, bls. 19).

*Auglýsing um staðfesting á breyting á reglugjörd fyrir Íslandsbanka frá 25. nóvbr. 1903*, undirskrifuð af ráðherra 2. október 1914 (A. nr. 14, bls. 20).

*Bráðabirgðalög um framlengingu á gildi laga 3. ágúst 1914 um ráðstafanir á gullforða Íslandsbanka, innstæðufje í bönkum og sparisjóðum og á póstávísunum*, undirskrifuð af konungi 30. október 1914 (A. nr. 16, bls. 22).

*Lög um sjóðóma og rjettarfar í sjómálum*, undirskrifuð af konungi 30. nóvember 1914 (A. nr. 52, bls. 68—72).

*Siglingalög*, undirskrifuð af konungi 30. nóvbr. 1914 (A. nr. 56, bls. 78—132).

*Lög um sauðfjárbaðanir*, undirskrifuð af konungi 30. nóvbr. 1914 (A. nr. 58, bls. 134—135).

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir ráðherra Íslands til að leyfa Íslandsbanka að auka sedlaupphæð þá, er bankinn samkv. 4. gr. laga 10. nóvbr. 1905 getur gefið út*, undirskrifuð af konungi 30. nóvbr. 1914 (A. nr. 59, bls. 135—136).

*Auglýsing um kirkjugjald í Holtastadasókn í Húnavatnssprófastsdæmi*, undirskrifuð af ráðherra 26. nóvbr. 1914 (A. nr. 60, bls. 136).

*Opið brjef um að hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku, sje settur ríkisstjóri*, undirskrifað af konungi 18. desbr. 1914 (A. nr. 61, bls. 137).

*Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn*, undirskrifuð af konungi 19. desbr. 1914 (A. nr. 62, bls. 137).

**Brjef stjórnarráðsins til rektors hins almenna mentaskóla um breyting á 126 einkunnarskilyrði fyrir því að geta öðlast Kommunitets- og Regensstyrk.** 18. desbr.

Með konungsúrskurði 16. f. m. hefir sú breyting verið gerð á konungsúrskurði 11. desbr. 1885, að í stað þess að önnur einkunn til stúdentaprófs var samkvæmt nefndum úrskurði gerð að skilyrði fyrir því, að íslenskir stúdentar gætu orðið aðnjótandi Kommunitets- og Regensstyrks, er nú ákveðið, að íslenskir

**126** stúdentar verði að hafa fengið að minsta kosti aðaleinkunnina 4,3 til þess að 18. des. þeir geti orðið nefndra styrkveitinga aðnjótandi.

Þetta er yður, herra rektor, með skirskotun til brjefs yðar 4. mars þ. á., hjermeð til vitundar gefið.

**127** **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Strandasýslu um flutning þingstaðar.**  
30. des. Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 21. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Hrófbergshreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Hrófbergi til Hólmavíkur, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**128**

5. nóv.

## Reglugerð

fyrir Árnassýslu um grenjaleitir og refaveiðar.

1. gr.

Hreppsnefndum er skylt að annast um alt, sem lýtur að eyðingu refa á þeim stöðum, er þær eru skipaðar yfir, hvort heldur er í afrjettum eða heimalöndum. En hreppsnefndir í þeim hreppum, sem næst eru afrjetti, skulu aðstoða hinar, er fjær búa, og segja til ef umbóta þarf með. Þær geta og bannað alla smölun og rekstra í afrjett á þeim tíma, er það kann að geta spilt fyrir refaveiðum.

2. gr.

Hreppsnefndum ber í tækan tíma ár hvert, að hafa ráðið svo marga skotmenn, sem þörf er á. Engin skytta má án gildra ástæðna skorast undan, að takast á hendur að vinna gren innan hrepps. Skylt er skotmanni, eða þeim sem með honum er, að kunna að fara með dýraboga, og er hverjum hreppi skylt að leggja hann til.

3. gr.

Skylt er hverjum búanda að leggja mann til grenjaleitar, þá er þörf krefur, gegn þóknun úr hreppssjóði eða fjallskilasjóði. Skotmaður skal ætíð vera með leitarmönnum, og skal þegar leggjast við annan mann við fundið gren.